

Nd.

10. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Flm.: Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, er hér um ræðir, voru framlengd á síðasta þingi, en aðeins til 1. júlí 1936. Ástæður þær, er lágu til þess að lögin upprunalega voru samþykkt, eru enn fyrir hendi, og með tilliti til saltkjötssölu á næsta hausti er brýn nauðsyn að framlengja lögin.